

Tillaga að deiliskipulagi ferðaþjónustu í landi Hnausa II, Flóahreppi. Greinargerð


Deiliskipulagið nær fyrir 1.38 ha lands í landi lögbýlis Hnausar II. Landið afmarkast af lögbýlinu Hnausar II til suðurs og vesturs, af 28 ha frístundasvæði til norðurs og af aðkomuvegi að Hnausum I og II.

Núverandi aðstæður.  
Aðkoma er að landinu frá núverandi afleggjara að Hnaus frá Þjóðvegi um 1,2 km. Svæðið er úthagi sem hefur verið nýttur til beitar. Landið er nokkuð flatt og opið og er í um 55- 58 metra hæð yfir sjávarmáli. Landið liggur vel við sólu. Kalt vatn er fengið frá vatnsveitu Flóahrepps og er vinna í gangi um endurbætur vatnskerfis. Brunavarnir eru frá Flóahreppi, en einnig eru tjarnir á svæðinu ætlaðar sem slökkvatn ef til bruna kemur.

Megininntak deiliskipulags er að byggja gistiskála fyrir ferðaþjónustu á afmörkuðu friðsælu svæði.

Skilmálar:  
Heimilt er að byggja innan skilgreinds byggingareits allt að 7 hús ætluð fyrir ferðaþjónustu, sem gistiskálar. Hvert hús skal ekki vera stærra en 65 m<sup>2</sup> að grunnfleti, hámarkshæð frá grunnkóta húss í mæni er 4,5 metrar. Ekki er heimilt að hafa kjallara í húsunum. Gólfkóti húss skal ekki vera meiri en 0,8 metrar að hámarki miðað við aðliggjandi landhæðir. Þakform er frjálst, sem og stefna húsa. Millibil milli húsa er frjálst eða í kringum 20 metrar til viðmiðunar. Byggingar skulu vera samræmdar í útliti, allt efnisval skal falla að umhverfi og aðstæðum á staðnum. Gert er ráð fyrir 2 bifreiðastæðum við hvert hús. Aðgegni innan og utandyra miðar við algilda hönnun. Byggingar skulu vera innan byggingareits og nánar staðsett á byggingarnefndarteikningum, í samráði við bygginganefnd og byggingafulltrúa Flóahrepps. Staðsetningar byggina hér eru leiðbeinandi.

Rotþró er sameiginleg fyrir ferðaþjónustuhúsin og liggur safnleiðsla frá rotþró sunnan við húsin þar sem hún tengist hverju húsi fyrir sig. Sorp er tæmt í grenndargáma, eða verður útfært nánar í samráði við Flóahrepp. Fornleifaskráning var gerð við gerð Aðalskipulags. Ekki er vitað um fornleifar á þessu svæði. Vísað er til 13. greinar Þjóðminjalaga nr.107-2001.Vatnslögn og rafmagn verður lagt um svæðið í samráði við Flóahrepp og Rarik.



FLÓAHREPPUR- 2006 - 2018  
SVEITARFÉLAGSUPPDRATTUR.  
HLUTAKORT ÚR SVEITARFÉLAGSUPPDRAETTI. HRINGUR  
SÝNIR STAÐSETNINGU SVÆÐIS FYRIR FERÐAÞJÓNUSTU.

<p>SKÝRINGAR</p>	<p>LYKILMYND</p>	<p>HEITI</p> <p>TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI FERÐAÞJÓNUSTU Í LANDI HNAUSA II. FLÓARHREPPI.</p> <p>KORTAGRUNNUR ISGRAF HNITAKERFI ISNET 93.</p>	<p>VERK HNAUS II - FLÓAHREPPI</p> <p>VERKHLUTI GRUNNMYND</p> <p>LÝSING FERÐAÞJÓNUSTA Í LANDI HNAUSA II</p>	<p>LANDARK</p> <p>PÉTUR JÓNSSON LANDSLAGSARKITEKT</p> <p>TEIKNISTOFA STÓRHÖFÐA 17</p> <p>SÍMI 567-7737 FAX 567-7736</p>								
			<table border="1"> <tr> <td>MKV.</td> <td>1:1000</td> </tr> <tr> <td>DAGS.</td> <td>14 jan 2016</td> </tr> <tr> <td>HANNAÐ</td> <td>PJ</td> </tr> <tr> <td>TEIKNAD</td> <td>PJ</td> </tr> </table>	MKV.	1:1000	DAGS.	14 jan 2016	HANNAÐ	PJ	TEIKNAD	PJ	<p>VND. 16001</p> <p>TNR. 01</p>
MKV.	1:1000											
DAGS.	14 jan 2016											
HANNAÐ	PJ											
TEIKNAD	PJ											